

Kópavogsbær,
Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri,
Digranesvegi 1,
200 Kópavogi.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Efni: Vatnsendablettur 1 B (lóð) fastanr. 232-9436. Umsókn um breytta landnotkun.

Jakobssynir ehf., kt. 620188-1589; Glaðheimum 26, 104 Reykjavík, er eigandi lóðarinnar Vatnsendabletts 1 B í Kópavogi, Fyrirsvarsmaður félagsins er undirritaður, Ásgeir Örn Hlöðversson.

Forsaga máls þessa er að Þorsteinn Hjaltested, bóndi á Vatnsenda, leigði Byggingarfélaginu Gusti lóðarspildu úr landi Vatnsenda með lóðarleigusamningi 9. maí 2005. Lóðin er sögð 7088 fermetrar og nefnd Vatnsendablettur 1 B. Samningurinn kveður á um að að leigutaki láti vinna tillögu að skiptingu lóðarinnar í 7 lóðir, í samráði við landeiganda og muni landeigandi þá gera nýja samninga fyrir hverja hinna sjö lóða, sem yrðu efnilega samhljóða frumsamningnum.

Sem endurgjald fyrir lóðarleigusamninginn og þau réttindi sem honum fylgdu greiddi Gustur 42 milljónir. Gustur tók lán fyrir kaupverðinu hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágretnis og heimilaði Þorsteinn veðsetningu Vatnsendabletts 1 B, með skilyrtu veðleyfi.


Lán Gusts fór í vanskil og var Vatnsendablettur 1 B seldur á nauðungaruppboði 24. febrúar 2014 og var boði veðhafans Hildu ehf. tekið. Sýslumaðurinn í Kópavogi afsalaði eigninni til Hildu ehf. 29. september 2014. Hilda ehf. seldi Jakobssonum ehf. Vatnsendablett 1 B og var afsal útgefið 5. október 2018 og var því þinglýst án athugasemda.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir samþykki þáverandi eiganda/umráðamanns Vatnsenda fyrir því að landnotkun Vatnsendabletts 1B verði íbúðarhúsaloð. Lóðin er skráð íbúðarhúsaloð í Þjóðskrá en sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Kópavogs. Til þess að vinna megi deiliskipulag á grundvelli þeirra heimilda sem felast í lóðarleigusamningnum er nauðsynlegt að landnotkun lóðarinnar verði fyrir íbúðarhúsnæði eins og er á nærliggjandi lóðum.

Þess er hér með farið á leit að Kópavogsbær samþykki fyrir sitt leyti að landnotkun Vatnsendabletts 1 B verði framvegis fyrir íbúðabyggð og að tillaga þess efnis fá meðferð samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllt

Ásgeir Örn Hlöðversson



Fylgiskjöl:

1. Lóðarleigusamningur dags. 9. maí 2005.
2. Afsal Sýslumannsins í Kópavogi til Hildu ehf., dags. 29. september 2014.
3. Afsal Hildu ehf. til Jakobssona ehf., dags. 5. október 2018.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026